

44

8. gr.

3. júní Skattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts skv. l. nr. 46/1954.

9. gr.

Skatti þeim, sem innheimtur verður samkvæmt lögum þessum, skal skipt þannig: $\frac{1}{3}$ hluti renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og $\frac{2}{3}$ hlutar til byggingarsjóðs ríkisins.

10. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattaneftndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattaneftndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjalddaga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Þessastöðum 3. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

45

L Ö G

4. júní

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1941, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal útflutningsgjald af öllum islenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi $2\frac{1}{4}\%$ af verði afurðanna.

Til islenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

2. og 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

45

4. gr. laganna, sem verður framvegis 2. gr., orðist svo:

4. júní

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en tekjur af þeim — samkvæmt 1. gr. — skiptast þannig milli eftirtalinna aðila:

- a. Til Fiskveiðasjóðs skal verja 74% teknanna.
- b. Til að standa straum af stofnkostnaði vegna Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skal verja 4%.
- c. Til Landssambands ísl. útvegsmanna renni 4%.
- d. Til Fiskimálasjóðs renni 18%.

4. gr.

Upphaf 5. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:

Gjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal o. s. frv.

5. gr.

7. gr. laganna falli niður.

6. gr.

13. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 38 5. apríl 1948 og lög nr. 92 29. desember 1953, hvor tveggja um breytingu á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, útfluttum árið 1957, skv. ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 81 5. júní 1947 og gefa lögin út svo breytt sem lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.